

# Ritdómur um Ofurhetjuna

eftir Hjalta Halldórsson



Þetta var skemmtileg saga. Hún var fyndin, alvöruhefin, spennandi og sannaði það að einelti er hræðilegt. Þessi saga er góð og sýnir að þótt þú sitjir á botninum er ekki þar með sagt að þú getir ekki komið þér á toppinn. Þessi saga fjallar um strák sem heitir Gunnlaugur og er lagður í einelti. Hann á vinkonu sem heitir Helga og þau gera nánast allt saman. En semsagt þá er Gunnlaugur með á heilanum að verða frægur en tekst það aldrei. Það er hrekkjusvín í bekknum hans sem heitir Krummi. Hann er eineltis- og stríðnisseggur. Hann er grautleiðinlegur, aðalhrekkjalómurinn, og kóngur stríðninnar. En þegar Gunnlaugur fattar að amma Helgu er frægasti youtuberinn á Íslandi breytist allt. Hann verður ofurhetja sem heitir Ormstunga og berst gegn hrekkjusvínum. Ég gef þessari bók 6 af 5 stjörnum. Ég mæli með þessari bók. Þessi bók er fyrir svona 6-14 ára.

**Unnið af Ómar Azfar Valgerðarson Chattha.**